



# Lög Verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins, ódagsett.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Sjálfstæðisflokkurinn – Lög  
Verkalýðsráðs - 1954

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-12, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

L ö g

Verkalyðsráðs Sjálfstæðisflokksins

1. gr.

Samtökin eru bandalag Sjálfstæðismanna í Verkalyðs- og launþega-stéttum og heitir "Verkalyðsráð Sjálfstæðisflokksins".

2. gr.

Tilgangur verkalyðsráðsins er:

- a. Að vinna að sameiginlegum hagsmuna- og menningarmálum launþega og efla áhrif Sjálfstæðismanna innan launþegasamtakanna.
- b. Að hafa yfirumsjón með starfsemi flokksmanna í launþegasamtökunum og vera tengiliður milli hinna einstöku starfshópa þeirra í félögunum.
- c. Að vinna að framgangi Sjálfstæðisstefnunnar og styðja Sjálfstæðisflokkinn í almennum kosningum.

3. gr.

Stjórn verkalyðsráðs boðar til landsfundar Sjálfstæðisverkamanna og launþega, og er sá fundur fulltrúasamkoma þeirra, sem fer með æðsta vald í málefnum samtakanna.

4. gr.

Fundi verkalyðsráðs skal alltaf halda í sambandi við Alþýðusambandsþing og aukafundi, eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

Á landsfundi eiga sæti:

- a. Fulltrúar á Alþýðusambandsþingi, sem fylgja Sjálfstæðisflokknum.
- b. Sjálfstæðismenn í verkalyðsstétt, sem verið hafa í framboði innan verkalyðsfélaganna til Alþýðusambandsþings, þótt þeir hafi ekki náð þar kosningu.
- c. Fulltrúar kosnir af málfundafélögum Sjálfstæðisverkamanna og -sjónanna, og hafa félögin heimild til að senda 1 fulltrúa fyrir hverja 25 féлага.
- d. Ákveðnir trúnaðarmenn verkalyðsráðs, sem ráðið samþykkir sem slíka.

6. gr.

Stjórn verkalyðsráðs skal kosin á landsfundi og er skipuð 7 mönnum og þremur til vara. Einnig skal kjósa 2 menn í stjórn fyrir hvern landsfjórðung og tvo til vara

Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Stjórnin skal hafa náið samband við flokksstjórn Sjálfstæðisflokksins um allt það, er viðkemur hagsmunum launþega, enda skal verkalyðsráð tilnefna 1 fulltrúa í miðstjórn flokksins.

8. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á landsfundi verkalyðsráðs og þarf 2/3 atkvæða til þess að breytingin nái fram að ganga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.